

Námskeið um valdeflingu hjá starfsfólki málefna fatlaðra á Höfn



Mars 2007

Afhverju námskeið um valdeflingu ?

- Stefnuskjal félagsmálaráðuneytisins 2007-2016
- Mikið rætt um valdeflingu á námskeiðum og annarri fræðslu
- Vantaði sameiginlega sýn og þekkingu starfsfólks á hugmyndafræði valdeflingar
- Hvernig var hægt að auka þekkingu starfsfólks best á þessu sviði ?

Hvernig vildi ég hafa námskeiðið ?

- Tveggja daga námskeið með óhefðbundnu sniði
- Fyrirlestrar annan daginn fyrir starfsfólk málefna fatlaðra, heimaþjónustudeildar HSSA o.fl.
- Seinni dagurinn átti eingöngu að vera fyrir starfsfólk málefna fatlaðra og helst ekki í hefðbundnum fyrirlestrarsal, heldur einhvers staðar fjarri önnum hversdagsins
- Þar átti að tengja hugmyndafræðina við vinnu okkar með skjólstæðingum og styrkja okkur sem starfsmenn

Fyrirlesari

- Hann/hún þurfti að vera tilbúinn til að vinna óhefðbundið
- Halda fyrirlestur
- Hjálpa okkur að tengja hugmyndafræðina við skjólstæðinga
- Deila með okkur sumarbústað í tæpan sólarhring, ásamt því félagslega samneyti sem því fylgdi !

Hver var tilbúinn í þetta ?

- Hvern þekkti ég sem gæti hugsanlega sagt já við þessum hugmyndum mínum ?
- Ég vissi af einni konu sem var mjög sveigjanleg og þorði að prófa nýja hluti
Ég hafði samband við hana

Hver var tilbúin í þetta ?

- Henni þótti þetta spennandi hugmyndir og var tilbúin að prófa þær með okkur
- Þetta var engin önnur en Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjupjálfi og lektor við HA



Hvernig átti að framkvæma þetta ?

- Allt fastráðið starfsfólk málefna fatlaðra átti að vera með
- Það þurfti afleysingu í tvo sólarhringa
- Ég hafði samband við vana sumarafleysingastúlku sem er í þroskaþjálfanámi í Reykjavík og kom hún með sömu vél og Elín Ebba og sá um mestalla vinnuna þessa tvo daga
- Töluvert skipulag- en það tókst !

Námskeið - Fimmtudagur

- Fyrirlestrar um :
- Fagþróun stétta, sem fjallaði m.a. um fyrstu háskólastéttir, fræði- líkön/greinar, heilbrigðis- þjónustu, félagsmótun, hjálparstéttir, kvenna- og karlastéttir
- Teymisvinnu, sem fjallaði m.a. um ýmsar tegundir teyma, teymisstjórnun, menningu á vinnustað, samvinnu, einkenni teymis, árangursrík teymi, matsaðferðir og stefnumótun
- Valdeflingu, sem fjallaði m.a um hugmyndafræði, baráttumál, batahvetjandi þjónustu/umhverfi/starfsfólk, hindranir fagmanna/skjólstæðinga, lyf og að taka ábyrgð á eigin lífi
- Starfsfólki heimþjónustudeildar HSSA og fjármálasviðs sveitarfélagsins var boðið að vera með á þessum fyrirlestrum

Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir,
iðjupjálfi

Námskeið - Fimmtudagur

- Starfsfólk málefna fatlaðra fór ásamt fyrirlesara í sumarbústað 30 mín. akstur frá Höfn eftir fyrirlestra dagsins
- Matur-spjall-heitur pottur



Námskeið - föstudagur

- Fyrirlestur um geðrækt sem fjallaði m.a. um lykilþætti geðræktar, tilvistarþarfir, áhrifavalda, streitu, geðheilsu og markmið geðræktar
- Tengdum fræðslu beggja daga við ýmis einstaklings- og starfsmannamál
- Ráðgjöf
- Slökun
- Gönguferð
- Matur og heimferð



Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir,
iðjubjálfi

Hverju skilaði þetta námskeið ?

- Starfsfólk varð meðvitaðra um:
- Mikilvægi þess að efla sjálfstraust fólks svo það geti tekið ábyrgð á eigin lífi
- Að hlusta á óskir fólks og virða þær
- Að styðja fólk í því að þekkja eigin styrkleika og þarfir, ráða við hversdagslífið
- Að breyta viðhorfum annarra til fatlaðra með upplýsingastreymi út í samfélagið

Hverju skilaði námskeiðið ?

- Starfsfólk fékk aukið sjálfstraust til að takast á við vinnuna
- “Eftir námskeiðið þorði ég að hlusta á skjólstæðingana og leyfa þeim að taka ákvarðanir og aðstoðaði þá við að fylgja þeim eftir í stað þess að vera með forræðishyggju”
- “Ég varð öruggari í starfsmannahópnum og átti því auðveldara með að taka mál upp á starfsmannafundum”
- Við litum gagnrýnni augum á okkur sjálf og umhverfið
- Við urðum meðvitaðri um mikilvægi þess að huga að eigin heilsu og vellíðan

Framtíðarsýn

- Fara reglulega yfir hugmyndafræði valdeflingar og geðræktar
- Tengja það við vinnuna og okkur sjálf
- Fyrirhuguð námskeið á vegum félagsmálaráðuneytis 2007-2009

